

Ársskýrsla Fagdeildar fjölmenningsráðgjafa

Fagdeild fjölmenningsráðgjafa var stofnuð í febrúar árið 2011.

Stjórn:

Formaður: Edda Ólafsdóttir

Meðstjórnendur: Helena N. Wolimbwa, Hera Ósk Einarsdóttir og Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir

Varamenn: Guðbjörg Ottósdóttir og Helga Hauksdóttir

Í deildinni eru 18 meðlimir. Frá upphafi hafa verið haldnir reglubundnir fundir og hefur áhersla verið lögð á stefnumörkun og fyrirhugaðar áherslur deildarinnar.

Árið 2012

Vinnufundur

Haldinn var hálf dags vinnufundur þar sem unnin voru drög að kortlagningu stjórnsýslunnar í kringum félagsráðgjöf og fjölmenningu á Íslandi. Kortlagningin felur í sér skilgreiningar á ýmsum hugtökum innan fjölmennings, upplýsingar um mismunandi stöðu erlendra ríkisborgara sem koma til landsins, fjölda innflytjenda, flóttamanna og hælisleitenda á Íslandi og þá þjónustu sem þeim standur til boða. Markmið kortlagningarinnar er að fá yfirsýn yfir stöðu þessara hópa hérlendis. Einnig er það eitt af markmiðum fagdeildarinnar að auka þekkingu og virkni félagai málefnum fólks af erlendum uppruna, og er kortlagningin liður í því.

Reglulegir fundir

Á árinu 2012 voru haldnir fimm fundir þar sem ýmsar hugmyndir voru ræddar um málþing og/eða málstofur sem fagdeildin gæti skipulagt fyrir félagsráðgjafa og aðra sem starfa á sviði fjölmennings á Íslandi. Á fundunum var m.a. farið í gegnum möguleg umræðuefni málþings, t.d. innflytjendur og velferðarþjónusta, flóttamenn og hælisleitendur og fjölmenningslegt aðgengi.

Áætlanir um fræðsluferð

Á haustmánuðum árið 2012 var ákveðið að sækja um styrk til Leonardo-starfsmenntunar fyrir fræðsluferð til Danmerkur og Noregs. Markmiðið er að fara í ferðina á haustmánuðum ársins 2013. Tilgangur ferðarinnar er að auka færni og þekkingu þátttakenda á starfi félagsráðgjafa og annarra fagaðila sem koma að málefnum innflytjenda, flóttamanna og hælisleitenda þar ytra. Auk þess að fylgjast með nýjungum í fjölmenningsfræðum og efla falega umræðu um málaflokkinn. Umsókn var unninn í janúar 2013. Þátttakendur munu miðla þekkinguna til annarra félagsráðgjafa og samstarfsaðila sem starfa á sviði fjölmennings. Fræðslan mun einnig skila sér til félagsráðgjafanema við Háskóla Íslands.